

Tilmæli 13/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1689/välfärd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal	A 1689_välfärd – Nefndarálit um þingmannatillögu um vaxandi andlega vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum

Vaxandi andleg vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 20. september 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún þrói úrræði sem gefi börnum og ungmennum á Norðurlöndum, sem þjást af andlegri vanlíðan, kost á að leita sér aðstoðar á netinu;

að hinda af stað kortlagningu sem flokki og forgangsraði ýmsum fyrirliggjandi tæknilausnum, allt frá gagnvirkum heimasíðum til smáforrita fyrir stafræna meðferðarþjónustu;

*að kortlagningin nái til hins opinbera, einkageirans og almennings og verði tengd við faglega sérfræðinga og ráðgjafarhópa meðal ungs fólks. Kortlagningunni er ætlað að beina athyglinni að góðum starfsvenjum (e. *best practice*) og ná til samtaka á borð við Headspace (DK) og Tilia (SE);*

að unnið verði að rannsóknum á sviði geðheilbrigðis í því skyni að finna árangursríkar aðferðir til að veita þeim ungmennum stuðning og aðstoð sem stríða við slæma geðheilsu.

Kaupmannahöfn, 25. september 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs